

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 20. mars 2025 kl. 20:00 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símónarson BÍKR

Fundargerð ritaði AS

Fundur haldinn að beiðni AKÍS; þátt tóku einnig Jón Þór Jónsson formaður sambandsins og Helga Katrín Stefánsdóttir starfsmaður.

1. Almenn starf keppnisráðsins

Farið yfir virkni ráðsins, keppnishaldið, fjölda þátttakenda o.fl.

2. Framtíðarsýn keppnisgreinarinnar

Bráð nauðsynlegt að það verði farið að nota rafrænan tímatökubúnað. Keppnisráðið hefur talsvert unnið að málinu undanfarin ár en keppnishaldarar hafa ekki nýtt möguleikana ennþá.

3. Afreksstarf – barna- og unglíngastarf

Kynntar hugmyndir AKÍS um afreksstarf. Hugmyndin er að geta skilgreint efnilega einstaklinga út frá gefnum forsendum og að keppnisráðin verði virk í að tilnefna iðkendur í sínum greinum. Einhver hreyfing er komin á hjá Ríkislögreglustjóra að 15 ára megi aka á sérleiðum.

4. Önnur mál

- BH benti á að gott væri ef rafrænn gagnagrunnur skoðunarskýrsla væri tengdur mótakerfinu.
- Aðeins hafa verið vandamál varðandi keppnisnúmer, en keppnishaldarar og AKÍS eiga að halda skrá um keppninúmer samkvæmt reglum um rally.

Fundi slitið kl. 21.24